

LÖG

um breyting á lögum um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980
(kosningarréttur við biskupskjör).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:

1. Biskup Íslands, þjónandi vígslubiskupar, sóknarprestar og prófastar, svo og aðstoðarprestar og sérþjónustuprestar ráðnir af ráðherra, kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar) og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðikandidatar, svo og biskupsritari og aðrir starfsmenn biskupsstofu í föstu starfi með sama skilorði, aðstoðarprestar ráðnir af sóknarnefndum og prestar sem ráðnir eru af stjórn sjúkrahúsanna eða sveitarfélögum til prestþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum, enda gegni þeir því starfi sem aðalstarfi, og prestvígðir menn sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð, sbr. 7. gr.

b. 3. tölul. orðast svo:

3. Enn fremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

28. maí 1997

Nr. 92

LÖG

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Tryggingastofnun er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, allt að 53.840 kr. á mánuði og/eða taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Heimilt er

að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfæranda barna með alvarleg þroskafrávik, sem jafna má við fötlun, og barna með alvarleg hegðunarvandamál sem jafna má við geðræna sjúkdóma. Tryggingaráði er heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25% mæli sérstakar ástæður með því.

Almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerðir ekki umönnunargreiðslur. Önnur dagleg, sértæk þjónusta og vistun utan heimilis, þar með talin umtalsverð skammtímavistun, skerðir umönnunargreiðslur. Tryggingalæknar meta þörf samkvæmt ákvæði þessu.

Um framkvæmd ákvæðis þessa fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

Nr. 93

LÖG

26. maí 1997

um Suðurlandsskóga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta á Suðurlandi, þ.e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni.

Suðurlandsskógar eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæður aðili sem sinnir verkefnum skv. 1. mgr., þ.e. ræktun og umhirðu skóga og skjólbelta á jörðum á Suðurlandi samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, sem hefur að markmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögd áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka, annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði, hins vegar belti sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á bersvæði.

3. gr.

Áætlun, tímabil og umfang.

Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem er fallið til skógræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til